



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 36/2018

## **Auðkennið MY LETRA**

### **I.**

#### **Erindið**

Með bréfi, dags. 12. júlí 2018, barst Neytendastofu kvörtun frá fyrirtækinu Hvergiland ehf., fyrir hönd verslunarinnar Myconceptstore (Myconceptstore), vegna notkunar vefverslunarinnar My Letra á auðkenninu MY LETRA, yfir skartgripi sem séu til sölu hjá vefversluninni.

Í erindinu kemur fram að fyrirtækið Myconceptstore hafi framleitt skartgripi undir heitinu MY síðan 2014. Dæmi um heiti á vörulínu Myconceptstore séu My Letter, My String, My Twist, My Poster en My Letter hafi verið til sölu frá árinu 2015. Fyrirtækið hafi tekið eftir íslensku merki sem sé sláandi líkt vöru Myconceptstore og með nánast sama heiti. Myconceptstore tilgreini að þótt það teljist ekki nýlunda að setja stafi á platta með keðju þá beri heiti vörunnar það með sér að verið sé að afrita það sem verslunin hafi verið að gera og markaðssett á Íslandi síðastliðin þrjú ár. Myconceptstore sé með gullsmið í vinnu við að búa til hálsmen verslunarinnar en svo virðist sem um framleiðslu frá Austurlöndum sé að ræða hjá vefversluninni myletra.is. Varan líti svipað út og vara Myconceptstore með smá stafarugli í heiti. Vörulína Myconceptstore sé úr gegnheilu 14k silfri eða bronsi.

Óskaði Myconceptstore eftir því að Neytendastofa tæki málið til skoðunar þar sem fyrirtækið teldi brotið á sér.

### **II.**

#### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Erindi Myconceptstore var sent fyrirtækinu 5280 slf., rekstraraðila vefverslunarinnar My Letra (My Letra), til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 12. júlí 2018. Í bréfinu var á það bent að ákvæði 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, kæmu til skoðunar í málinu.

Svar My Letra barst Neytendastofu með bréfi, dags. 30. júlí 2018. Fyrirtækið hafni því að notkunin brjóti gegn fyrrnefndum ákvæðum laga nr. 57/2005. Í fyrsta lagi liggja fyrir að „MY LETTER“ sé ekki skráð vörumerki auk þess sem litlar sem engar upplýsingar sé að finna um vöruna ef frá séu taldar auglýsingar á fésbókarsíðu Myconceptstore. Flestar þeirra hafi þó verið settar inn 20. júlí 2018, eftir að kvörtun hafi verið send til Neytendastofu. Þá verði ekki séð af framlögðum gögnum eða við netleit að vörumerkjaréttur hafi stofnast fyrir notkun, sbr. 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 45/1997, um vörumerki. Í öðru lagi sé þjónusta aðila ekki sambærileg þar sem My Letra sé heiti á verslun sem leggi áherslu á að selja vörur tengdar upphafsstöfum viðskiptavina. Til standi að hafa mikið vöruúrval í tengslum við þessa upphafsstafi og verslunin muni ekki eingöngu notast við skartgrip, þó það sé upphafið. My letter sé hinsvegar lítið þekkt vara hjá versluninni Myconceptstore. Í þriðja lagi hafi My Letra á engan hátt hagnýtt sér markaðssetningu Myconceptstore verslunarinnar. Fulltrúar myletra.is hafi ekki haft hugmynd um tilvist vörunnar My Letter hjá Myconceptstore enda ekkert um það að finna á heimasíðunni og vísað sé til meðfylgjandi mynda því til sönnunar. Því hafi My Letra ekki verið kunnugt um né haft spurnir af My Letter áður en kvörtun þessi barst. Í fjórða lagi sé My Letter eingöngu vöruheiti á vöru hjá Myconceptstore og þess utan virðist sem fá gögn sýni fram á tilvist vörunnar. Varan virðist lítið auglýst og fyrirtækið hafi ekki óskað eftir eða fengið skráningu á heitinu í vörumerkjaskrá. Því telji My Letra að Myconceptstore eigi lítinn sem engan rétt til einkaréttar á orðunum My Letter.

Þá sé ljóst að My Letra hálsmen séu langt frá því að vera lík My Letter hálsmenum. My Letra séu úr ryðfríu stáli, 5 mm stærri í þvermál og með lágstöfum. Engin gögn hafi verið lögð fram með kvörtuninni og því hafi Myconceptstore enga staðfestingu á því hvar og hvernig þessi hálsmen séu gerð. Þá bjóði My Letra einnig upp á önnur hálsmen sem heiti MINI LETRA sem hafi enga tengingu við „My“ og „Letter“. Samkvæmt vörumerkjaskrá Einkaleyfastofu sé Myconceptstore með skráningu á orðmerkinu MYCONCEPTSTORE í vöru- og þjónustuflokk 35 fyrir smásölupþjónustu á netinu. Myconceptstore sé ekki með neinar aðrar skráningar í vörumerkjaskrá, hvorki á „My“ eða „Letter“.

Tilgreinir My Letra að margir fleiri aðilar selji stafamen, til dæmis Andrea by Andrea, Sandra G Design, H&M og fleiri erlendar netverslanir. Þá sé líka til verslun sem heiti oskabond.is sem selji mjög lík hálsmen og þau sem fáist í Myconceptstore. Enn líkari hálsmen séu svo í verslun Octagon Design sem heiti meira að segja Letter Necklace. Þau líti alveg eins út, úr sömu efnum, gerð á sama hátt og heiti Letter Necklace. Því sé ljóst að Myconceptstore hafi engan einkarétt á sölu eða hönnun á hálsmenum sem innihaldi bókstafi enda slíkur einkaréttur í andstöðu við samkeppnisréttarsjónarmið

Þá innihaldi heitin, á þeim vörum sem um sé deilt, algeng og almenn orð og séu ekki sérstaklega lýsandi fyrir starfsemi aðilanna. Ef eingöngu sé lítið til vörumerkjaskráningu Myconceptstore séu merkin gjörólík þar sem eini sameiginlegi þátturinn sé hinn lítt sérkennandi hluti beggja merkja, þ.e.a.s. orðið „MY“. My Letra fái ekki séð að Myconceptstore hafi öðlast vörumerkjarétt á orðinu My Letter en sé það borið saman við My Letra verði ekki séð að merkin

séu lík út frá túlkun vörumerkjalaganna. My Letra sé framsett á afar sérkennandi hátt og alls ekki ljóst að um ræði sérstaka skírskotun í orðið letter. Telja verði afar ólíklegt að neytendur telji tengsl vera milli þessa aðila enda verulegur munur á nöfnum og einkennum þjónustu og vöru sem þeir bjóði upp á. Þá hafi engin gögn verið lögð fram sem beri með sér eða styðji augljósa ruglingshættu neytenda á þessum auðkennum enda sé um ólík nöfn og vörur að ræða.

Ljóst sé að mati My Letra þegar litið sé til allra framangreindra þátta og framlagðra gagna að ekki verði talin ruglingshætta með notkun orðanna við auðkenni My Letra verslunar í skilningi 15. gr. a. laga nr. 57/2005, né í skilningi 6. tl. 1. gr. 14. gr. vörumerkjalaga. Þá sé ljóst að notkunin brjóti ekki gegn ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005. Það sé því mat My Letra að ekki sé ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu enda ekkert sem gefi til kynna að rekstur aðilanna tengist með einhverjum hætti.

## 2.

Erindi My Letra var sent Myconceptstore til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 7. ágúst 2018. Með bréfinu var aðilum málsins jafnframt tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

## III.

### Niðurstaða

#### 1.

Mál þetta lýtur að kvörtun Hvergilands ehf., f.h. verslunarinnar Myconceptstore, yfir notkun vefverslunarinnar My Letra, sem rekin er af 5280 slf., á auðkenninu My Letra á vörum og heiti verslunarinnar. Myconceptstore hafi verið að framleiða skartgripni undir heitinu MY síðan 2014, þar á meðal skartgripalínu undir heitinu MY Letter. Telur Myconceptstore að með heiti vefverslunarinnar sé verið sé að afrita það sem Myconceptstore hafi verið að markaðssetja á Íslandi síðastliðin ár. My Letra hafnar rökum Myconceptstore en fyrirtækið telur umþrætt heiti innihalda algeng, almenn orð sem hafi engin sérkenni til þess að öðlast vernd eða skapa einkarétt til notkunar auk þess sem engin ruglingshætta sé fyrir hendi.

#### 2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 kemur fram að óréttmætir viðskiptahættir séu bannaðir. Bannið gildi áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fara fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Ákvæði 15. gr. a. er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota*

*auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. málslið. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

### 3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til nafnsins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað nafn sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Þá skiptir máli hversu lík viðkomandi auðkenni eru, en þau líkindi hafa síðan áhrif á það hversu skyld starfsemi aðilanna má vera án þess að teljast skapa ruglingshættu. Því líkari sem auðkenni eru, því minni kröfur eru gerðar til skyldleika starfsemi aðilanna, og öfugt. Til þess að njóta einkaréttar verður vörumerkið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda vörumerkis eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að vörumerkið sé ekki almennt orð og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða.

Myconceptstore er skráð sem orðmerki hjá Einkaleyfastofunni frá árinu 2015, sbr. skráningu nr. V0096927 í vöru- og þjónustuflokk 35. Þá hefur Myconceptstore einnig haft lénið myconceptstore.is skráð hjá ISNIC frá árinu 2009. Auðkennið MY Letter er hins vegar ekki skráð. Fyrirtækið 5280 slf., rekstraraðili My Letra, hefur haft lénið myletra.is skráð hjá ISNIC frá upphafi árs 2018. Kemur því hér til skoðunar hvort Myconceptstore geti talist hafa öðlast einkarétt á notkun merkisins MY Letter.

Samkvæmt gögnum málsins var Myconceptstore stofnuð árið 2010 og er lífstílsverslun sem býður upp á fjölbreytt úrval vara, á borð við bréfastressur, plötuspilara, regnjakka og skartgripir svo dæmi séu tekin. Af heimasíðu fyrirtækisins að dæma virðast þar til sölu skartgripir undir tveimur vörumerkjum, annars vegar GAG&LOU og hins vegar svonefnt MY skart sem MY Letter stafahálsmen tilheyrir að sögn fyrirtækisins. Vefverslunin My Letra hefur verið starfandi

frá upphafi ársins 2018 og er My Letra jafnframt heiti á einni vörulínu verslunarinnar. Samkvæmt My Letra felst meginstarfssemi hennar í sölu á persónulegum skartgripum og eru aðalvörur þess stafahálsmen með heitið my-, mini-, og your letra sem hönnuð eru af eigendum fyrirtækisins.

Auðkennið My Letra samanstendur af tveimur orðum. Hið fyrra orð er hið sama og fyrra orð vörulínu Myconceptstore „My“ og merkir íslenska orðið mitt. Síðari orðin eru keimlík, en letra sem er spænskt orð og letter sem er enskt orð merkja jafnframt bæði hið sama eða í þessu tilviki bókstafur á íslensku. Auðkennin gætu útlagst sem „stafurinn minn“ á íslensku sem tilvísun í umrædd stafahálsmen.

Þegar horft er til framangreinds liggur fyrir að hvorugur aðili hefur skráningu á umræddum auðkennum hjá Einkaleyfastofunni. Hefur að auki komið fram að vöruframboð Myconceptstore sé fjölbreytt sem hægt er að versla bæði í gegnum vefverslun sem og í verslun á Laugaveginum. Vöruframboð My Letra einskorðast hins vegar við skartgripum sem hafa það sammerkt að bera bókstafi, svonefnd stafahálsmen. Þótt ákveðin líkindi séu með umræddum skartgripum og fyrirtækin í samkeppni hvað sölu á þeim varðar þá telur Neytendastofa að horfa verði til mismunandi starfsemi og framboðs fyrirtækjanna í heild sinni og þjónustu þeirra við viðskiptavinum sem er með nokkuð ólíkum hætti. Þá eru firmaheiti fyrirtækjanna, Myconceptstore og My Letra, enn fremur ólík. Er það mat Neytendastofu að þrátt fyrir notkun á sama orðmerkinu „my“ og „letra“ eða „letter“ þá greini mikið á milli auðkennanna í heild sinni.

Þá er það meginregla að auðkenni verði að hafa tiltekin sérkenni til þess að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Sú meginregla er ekki fortakslaus en við mat á því hvort víkja megi frá skilyrðinu um sérkenni auðkennis fer eftir atvikum hverju sinni. Neytendastofa telur að auðkennin My Letter og My Letra séu of almenn og lýsandi fyrir umrædda vöru og skorti sérkenni til þess að geta talist njóta einkaréttar fyrir notkun og verndar ákvæðisins. Í því sambandi er einnig bent á að sú vara sem báðir aðilar selja, svonefnd stafahálsmen, er vara sem seld er af hinum ýmsu aðilum, erlendum sem innlendum, og þau nöfn sem þau bera oftast en ekki skírskotun í eðli vörunnar. Að mati Neytendastofu hafa ekki komið fram í máli þessu nægilega veigamiklar ástæður til þess að veita annars sérkennalítlu auðkenni vernd ákvæðisins. Telur Neytendastofa, með vísan í framangreint, að ruglingshætta sé ekki fyrir hendi.

Með hliðsjón af framangreindu telur Neytendastofa að 5280 slf. hafi ekki brotið gegn 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 með notkun auðkennisins My Letra.

**IV.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Ekki er ástæða til aðgerða af hálfu Neytendastofu í máli þessu.“**

Neytendastofa, 8. október 2018

Tryggvi Axelsson  
Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir